

Málkostnaður kr. 2.844,00 greiðist fyrir sama tíma.

Framangreint brot hefur ítrekunarverkun á síðara brot sbr. 71. gr. 1. nr. 19, 1940.⁶

Dómarinn lét málssókn falla niður.

Mánudaginn 21. september 1987.

Nr. 260/1987. **Ákærvaldið**

gegn

Ómari Erni Grímssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 14. þ.m. er barst 16. þ.m., að því er ætla verður í því skyni að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kæra þessi er að ófyrirsynju.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 13. september 1987.

Ár 1987, sunnudaginn 13. september er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7, af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Ómari Erni Grímssyni með lögheimili að Borgarbraut 6, Grundarfirði, en dvalarstað að Yrsufelli 13, hér í borg, fæddum 9. júní 1961 í Hafnarfirði, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 23. september nk. kl. 17:00, vegna gruns um brot gegn 155. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Málavextir:

Þann 9. september sl. kærði Haraldur Sverrisson stuld á skjalatösku úr bifreið sem hann hafði lagt í Kirkjuhvoli kvöldinu áður. Kvað hann tvö tékkhefti hafa verið í töskunni, annað á Iðnaðarbankann og hitt á Búnaðarbankann, auk bankakorts á síðarnefnda bankann. Þá hafi verið í töskunni skuldabréf og Visa-kort.

Kærði, Ómar Örn, hefur viðurkennt í skýrslum hjá RLR og fyrir dómi að hafa stolið framangreindri tösku með þargreindum verðmætum. Á dvalarstað kærða var gerð húsleit í gær og fannst taskan, en ekki tékkheftin, Visa-kortið og bankakortið. Kærði kvaðst hafa falsað samtals ca. tíu tékka úr heftunum, en síðan hent þeim og áðurnefndum kortum. Einungis tveir tékkar hafa komið fram af þeim tékkum sem kærði kveðst hafa falsað.

Kærði bar fyrir dómi að hafa verið í mikilli óreglu undanfarið, m.a. í eiturlyfjum, og að hafa eigi stundað vinnu síðan hann losnaði úr afplánun sl. vor.

Brot þau er kærði er grunaður um geta varðað fangelsisrefsingu samkvæmt 155. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi og veruleg hættu á að kærði spilli sakargögnum haldi hann óskertu frelsi. Þykir því rétt að taka kröfu RLR um gæsluvarðhald til greina á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 og ákveða að kærði sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 23. september nk. kl. 17:00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Ómar Örn Grímsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 23. september nk. kl. 17:00. Halla Bachmann Ólafsdóttir.

Úrskurðarorðið er lesið í dóminum í heyranda hljóði kl. 14:40 að viðstöddum kærða, Ómari Erni Grímssyni, og Þóri Oddssyni vararannsóknarlögreglustjóra ríkisins.

Kærða er kynntur kærufrestur til Hæstaréttar Íslands. Upplesið, staðfest.